



Dagsetning: 6. desember 2023
Málsnúmer: 2102122/1.10.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um uppfærða jafnlaunastefnu vegna endurskoðunar á jafnlaunakerfi Fjarðabyggðar

Lagt er til að endurskoðuð jafnlaunastefna verði tekin til afgreiðslu en hún er hér fram lögð með töluverðum breytingum til einföldunar.

Samhliða vinnu við endurnýjun jafnlaunavottunar Fjarðabyggðar hefur verið farið í endurskoðun á jafnlaunakerfi Fjarðabyggðar og rýnt innra samræmi á milli jafnlaunastefnu, jafnlaunakerfi, jafnlaunagreininga, handbókar, verklagsreglna, verkferla og viðhalds vottunar.

Yfirferð hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að einfalda og skýra ferla sem standa að baki jafnlaunakerfinu og uppfæra ábyrgðarhlutverk aðila samhliða því að lagfæra innra ósamræmi sem var til staðar.

Með breytingum er lagt til að fella út skilgreiningu á hámarki launamunar og stuðst við almennt orðalag um að gætt sé fyllsta jafnréttis til samræmis við jafnréttislög og jafnlaunastaðinn. Ábyrgð bæjarstjóra og mannauðsstjóra er skilgreind að nýju en starfsmenn ber ekki ábyrgð á stefnum heldur er það bæjarstjórnar og er sá texti felldur út. Þá ber mannauðsstjóri ábyrgð á jafnlaunakerfinu en ekki bæjarstjóri sem kemur takmarað að eftirfylgni þess en að öðru leyti eru ábyrgðarmörk skýrð betur í handbók. Orðalag er einfaldað að öðru leyti og gert markvisst.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

